

Fundargerð aðalstjórnar Ungmennafélags Grindavíkur

Fundurinn var haldinn í Gjánni og hófst kl. 20:00 22. Ágúst 2023

Mættir sjórnarmenn:

Klara Bjarnadóttir , Gunnlaugur Hreinsson, Kjartan Fr. Adolfsson, Bjarni Svavarsson og
Ásgerður H Karlsdóttir

Mættur starfsmaður

Jón Júlíus Karlsson framkvæmdastjóri

Papas eru búnir að borga 697.011 krónur sem þeir skulduðu UMFG vegna launagreiðslna. Körfuknattleiksdeildin er búin að greiða til baka 368.648 krónur sem UMFG lagði út fyrir styrktar aðstöðunni.

Við fáum sent visa uppgjörið sem Kjartan og Jón Júlíus ætla að fara yfir ásamt launagreiðslum til Jóns Júlíusar.

Taka á samtalið við Söndru í Einhamri um að fá að selja rútna og láta það sem fæst fyrir hana upp í 9 manna bíl sem nýtist betur.

Knattspyrnudeildin er komin með aðgang að heimasíðu UMFG og fá hinar deildirnar hann líka og geta þær þá sett þar inn fréttir frá sínu starfi.

Tekið var fyrir bréf sem á að senda til bæjarins um styrk fyrir framkvæmdum á gömlu klefunum sem körfuknattleiksdeildin hefur staðið fyrir.

Aðeins var farið yfir framkvæmdir á varamannabekkjum og innisundlaug.

Standa á fyrir vinnufundi með Grindavíkurbæ um jafnrétti í íþróttum þar sem verða fyrirlestrar og umræða. Stefnt á að hafa hann 25. Eða 26. September.

Gunnlaugur fór yfir styrkgreiðslur inn og út sem stemma ekki og ætlar hann að fara nánar yfir þær með Kjartani.

Það þarf að bæta úr aðgengi að ársreikningum.

Umræða var um að breyta samningnum við bæinn og þarf að senda bréf varðandi það til

frístundar og menningarnefndar fyrir 6. September. Tillaga er að hækka æfingagjöld og taka upp frístundarstyrki.

Fleira ekki gert

Fundi slitið klukkan 22:00